

KAUP- OG LEIGUSAMNINGUR

50/02

Við undirritaðir, Jón Benediktsson, Miðgarði, Hvammshreppi, Dalasýslu, í samningi þessum nefndur seljandi og hreppsnefnd Laxárdalshrepps, Dalasýslu í samningi þessum nefnd kaupandi, gerum með okkur svofelldan kaup- og leigusamning.

Kaupsamningur:

1. gr.

Seljandi lofar að selja kaupanda vatnsréttindi í Norðurhólum á Svínadal, sem eru í eignarlandi seljanda, Sælingsdalstungu, Hvammshreppi nánar tilgreint er hér um að ræða vatnsréttindi á landsvæði, sem merkt er inn á meðfylgjandi uppdrátt, sem er hluti af samningi þessum.

2. gr.

Kaupandi hefur einkarétt á öllu því vatni er hér um ræðir og byggingu þeirra mannvirkja, er með þarf til nýtingar þess.

3. gr.

Vatnsréttindin eru kaypt í núverandi ástandi, til öflunar neysluvatns og skuldbindur seljandi sig til að framkvæma ekkert á umræddu svæði, er spillt geti væntanlegum vatnsbólum.

4. gr.

Kaupverð vatnsréttindanna er hér um ræðir er kr. 1.500.000,-
-krónur ein milljón og fimmhundruð þúsund- sem greiðist þannig:
kr. 750.000,- við undirskrift samnings
kr. 750.000,- 1. marz, 1981, auk víxilvaxta frá 1. júní, 1980.

Leigusamningur:

1. gr.

Seljandi leigir kaupanda land úr landi sínu Sælingsdalstungu, Hvammshreppi. Landið er ca. 1 - 5 ha. að stærð og er lega þess afmörkuð af svæði því, er sérfróðir menn telja nauðsynlegt, til verndunar vatnsbóla þeirra í Norðurhólum á Svínadal, er Laxárdalshreppur kaupir vatnsréttindi á, eins og áður greinir.

2. gr.

Kaupandi hefur rétt til byggingar mannvirkja á landinu og nauðsynlegra framkvæmda er tilheyra nýtingu hans á vatni því er hér um ræðir og verndun þess.

3. gr.

Ársleiga skal að jafnaði miðuð við það svæði, sem afgirt er, og vera kr. 15.000,- á ha. þó skal ekki greiða lægri ársleigu en kr. 40.000,- sem framreiknast með byggingarvísitölu 1. apríl ár hvert.
Gjalddagi leigunnar er 1. apríl ár hvert.

4. gr.

Kaupanda er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum á svæðinu, að ekki stafi hætta af, og skulu mannvirki miðuð við að skaða umhverfi sem minnst.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Miðgarði, 3. júní, 1980.

Vitundarvottar:

Seljandi:

Christján Jóhannsson
5865-7964

Jón Benediktsson

Kaupandi:

Ljónur Pórnir Fimbergsson
7855-2719

F.h. hreppsnefndar Laxárdalshrepps

Martin Baldursson
LAXÁRDALSHREPPS

Skjal nr A-50 / 2002
Móttekið til þinglýsingar 18.04
Innfært í þinglýsingarbók 18.04
Þinglýsingargjald kr. 1.200.-
Stimpligjald 37.500.-
Xsetk 18.750
kr. 57.450.-



Ánast Þórunn